

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulag, Vatnsleysa, L167184.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining á byggingarreit þar sem gert er ráð fyrir nýju fjósi allt að 2.000 fm.

Samþykkt í sveitarstjórn 18. nóvember 2021.

Deiliskipulagsbreyting, Laugarvatn – Skólatún, Traustatún og Hverabraut.

Í deiliskipulagsbreytingunni felast m.a. óverulegar tilfærslur á legu lóða innan skipulagsins. Engar breytingar eru gerðar á skipulagsskilmálum.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. janúar 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 22. febrúar 2022.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 8. mars 2022